

## Daggardropinn.

(EFTIR MICHELSEN, ÞÝTT AF G. Á.)

Það var á fögrum sumarmorgni.

Eg sá þrjá bræður ganga út að hafinu, til að sjá sólaruppkomuna. Þeir leiddust og töludu vingjarnlega samañ.

Vegurinn út að hafinu lá yfir hæð eina. Þar urðu bræðurnir að ganga hver á eftir öðrum, því gatan var mjó.

Pá rann sólin upp. Bræðurnir sáu ekki sólina sjálfa, en þeir sáu ljóma hennar yfir hæðarbrúnina. Þar var rósarunnur, og á einni rósinni hékk daggardropi, er endurspeglæði hina upprennandi sól. — Og daggardropinn glitraði, eins og hann væri sjálfur ofurlítill sól.

Hrifnir af sjón þessari stóðu bræðurnir grafskyrrir.

„Nei“, hrópaði einn þeirra, „sjáið þið, hvað daggardropinn glitrar fallega, hann er blár eins og —“

„Pér skjálast, kæri bróðir“, greip annar fram s, „dropinn er alls ekki blár, hann er rauður eins og fegursti roðasteinn.

„En kæru bræður, hvað er í augunum á ykkur?“ sagði hinn þriðji, „dropinn er hvorki blár né rauður, hann er gulur.“

Af því að bræðurnir stóðu sinn á hvorum stað, þá sáu þeir mismunandi litbrigði í dropanum. En það skildu þeir ekki—því miður!—

Og þarna stóðu þeir kyrrir, og hver um sig hélt því fram, að HANN sæi rétt. Þeir gleymdu hinni upprennandi sól og mikilleik háttúrunnar, og deildu— um dropann.

Og deilan harðnaði og harðnaði, og bróðurkærleikurinn minnkaði og minnkaði.

Ef bræðurnir hefðu hreyft sig að eins lítið eitt til, mundi sannleikurinn hafa orðið þeim auðsær.

En þeir stóðu kyrrir, og þeir standa enn kyrrir og deila— og deila— um dropann.

**HEIMIR** er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sínum á ári og kostar \$ 1 árg. -- Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, 555 Sargent Ave. Utanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir**, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.

Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.